


Biðlistinn á sjúkrahúsið Vog er í sögulegu hámarki

95% þeirra sem leggjast inn á Vog greinast með mjög alvarlegan fíknsjúkdóm. Um 180 einstaklingar leggjast inn á sjúkrahúsið á mánuði, 6 sjúklingar alla daga ársins. Beiðnir berast eftir sömu leiðum og áður en tilvísunum og flýtiinnlögnum hefur fjölgað mikið, sér í lagi frá LSH og öðrum opinberum aðilum. Erfiðlega gengur að vinna á biðlistanum, sem lengist stöðugt, vegna þess að fjármagn fylgir ekki sjúklingnum þangað sem hann fær þjónustu.




Flýtiinnlagnir

Bráða- og flýtiinnlagnir fyrstu 5 mánuði ársins 2018 voru 53% innlagna. Flýtiinnlagnir (í fyrsta mögulega pláss, samdægurs eða innan 2ja vikna) eru vegna forgangs:

- Frá LSH: fíknigeðdeild, almennri geðdeild, bráðamóttöku, smitsjúkdómadeild, meltingardeild.
- Félagslegar ástæður: Barnaverndarmál (foreldrar og ungmenni), þungaðar konur, o.fl.
- Alvarlegar líkamlegar afleiðingar: áfengisfráhvörf, lífshættuleg sprautufíkn, sýkingar, o.fl.
- Frá Konukoti, Lögreglu, heilsugæslu, o.fl.

Í dag greiðir ríkið einungis fyrir 1530 innritanir af 2200. Á sama tíma og sjúklingar í flýtiinnlögnum frá LSH og öðrum opinberum aðilum eru vaxandi hluti innlagna, hafa fjárveitingar ríkisins til SÁÁ verið skornar niður.

Á hverju ári koma um 600 einstaklingar í sína fyrstu meðferð á Vog. Þeir bíða lítið eða ekkert. Á hinum eiginlega biðlista eru því einvörðungu einstaklingar sem hafa áður fengið greiningu og uppfylla lækisfræðileg skilmerki.





95%

þeirra sem leggjast inn á Vog greinast með mjög alvarlegan fíknisjúkdóm (Severe Substance Use Disorder) skv. greiningaskilmerkjum DSM 5



Úr kröfulýsingu í þjónustusamningi SÍ og SÁÁ um áfengis- og vímuefnameðferð á sjúkrahúsinu Vog

Áður en meðferð hefst eða í byrjun meðferðar er gert lækisfræðilegt mat og vímuefnavandi sjúklings greindur. Mat er lagt á meðferðarþörf sjúklings og sett fram markmiðssetning. Við greiningu er notast við sjúkdómsgreiningu skv. ICD-10 og greiningarviðmið DSM-V (Diagnostic and Statistical Manual og Metal Disorders.)

Greining getur farið fram áður en innlögn er gerð, þar sem mat er lagt á frekari meðferðarþörf og hvort vísa skuli sjúklingi í önnur viðeigandi úrræði, eða legudeild í upphafi meðferðar. Greining er þá framkvæmd af einum (oftast lækni) eða fleiri fagaðilum. Greining getur einnig farið fram á legudeild í upphafi meðferðar.

Í greiningu fer fram:

- Viðtal og ítarlegt mat á öllum einkennum og sjúkdómsgreiningum
- Öflun gagna og útfylling spurningalista
- Eftir atvikum sértækar mælingar og rannsóknir til að meta ástand sjúklings

Farið yfir niðurstöður greiningar og markmiðssetningu gerð í samráði við sjúkling.

Fjöldi sjúkrarúma vegna áfengis- og vímuefnasjúkdómsins

Viðbúnaður heilbrigðis- yfirvalda og SÁÁ vegna áfengis- og vímuefna-sjúkdómsins.

Í töflunni má sjá fjölda þeirra rúma í innliggjandi meðferð sem uppfylla gæða- og öryggiskröfur Landlæknisembættisins á árunum 1976 til 2018.

Í töflunni má einnig sjá mannfjölda 15-64 ára á hverju tímabili.


Ár	Sjúkrarúm LSH	Sjúkrarúm SÁÁ	Alls	Mannfjöldi 15-64 ára
1976	138	0	138	135.611
1981	138	99	237	143.929
1984	145	120	265	151.142
1990	76	120	196	163.501
1995	66	120	186	171.169
2000	54	120	174	181.659
2005	24	120	144	193.459
2010	20	120	140	213.067
2015	20	120	140	217.557
2018	18	120	138	232.060

Frá árinu 1984 hefur geðdeild Landspítalans fækkað meðferðarrúmum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga jafnt og þétt. Rekstri Víðiness var breytt og það hætti hlutverki sínu sem áfengismeðferðarstofnun um og eftir 1985. Vífilstaðir lokuðu 1995 og starfsemin þar var flutt á Teig við Flókagötu og við það fækkaði rúmum úr 24 í 12. Teig er svo lokað 2000 og Gunnarsholti 2003.

Á sama tíma hefur fjöldi pláss hjá SÁÁ verið óbreyttur frá 1984, þrátt fyrir stórfelldan niðurskurð í fjárveitingum ríkisins eftir hrun. Í dag fjármagnar ríkið einungis 1530 innlagnir á sjúkrahúsið Vog af um 2200 innlögnum hvert ár. Ríkið fjármagnar því rekstur sjúkrahússins Vogs einungis í 255 daga á ári. Það merkir að sjúklingar í meðferð á sjúkrahúsinu Vog í október, nóvember og desember eru þar í boði SÁÁ, með öðrum orðum þeir eru ekki sjúktratryggðir.

Þróun launakostnaðar mv. ríkisframlög, verðlag í janúar 2018 (tölur fyrir árið 2018 áætlaðar)

Hér sést hvernig framlög ríkisins til heilbrigðisþjónustu SÁÁ og launakostnaður meðferðarsviðs SÁÁ hafa þróast frá árinu 2000. Bregðast þarf hratt við ef ekki á illa að fara.



Til að bregðast við vandanum þarf að grípa til eftirfarandi aðgerða:

- Fjölga innlögnum á sjúkrahúsið Vog, úr 2200 í 2700 hvert ár.
- Fjölga þarf heilbrigðisstarfsfólki á sjúkrahúsinu Vog svo hægt sé að bæði auka afköstin og uppfylla gæða- og öryggiskröfur Landlækniseimbættisins.
- Fjármagn þarf að fylgja hinum sjúkratryggðu einstaklingum. Sjúkrahúsþjónusta þar sem gjaldtaka er óheimil á að greiðast að fullu lögum samkvæmt.
- Efla göngudeildarþjónustu sem hefur bolmagn til að sinna betur þeim sem eru á biðlista.
- Semja um göngudeildarþjónustu við SÁÁ en göngudeildir SÁÁ eru reknar án framlags frá ríkinu.
- Nýta kunnáttu, sérfræðiþekkingu og reynslu SÁÁ til stefnumótunar til framtíðar.

SÁÁ hefur áhuga og vilja til að gera miklu meira en nú er gert

- ef skilningur er á verkefninu og það fjármagnað

Við höfum húsnaði, reynslu og þekkingu til að gera þetta